



Laus störf hlutfallslega flest í byggingariðnaði

Laus störf hafa verið hlutfallslega flest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð frá 2019 til 1. ársfjórðungs í ár. Þar hafa laus störf verið að meðaltali 6,4% af störfum í greininni á þessu tímabili. Byggingarstarfsemi er ekki fjölmenn grein, en þar voru um 1.000 laus störf á 1. ársfjórðungi 2022.

Baráttan við atvinnuleysið hefur gengið vel á undanfögnu ári og hefur skráð atvinnuleysi minnkað úr 11,6% frá janúar 2021 í 4,5% í apríl í ár, eða um 7,1 prósentustig. Forsenda þess að minnka megi atvinnuleysi er að ný störf verði til og að fólk sé tilbúið að ganga í þau störf. Það er hins vegar ekki óeðlilegt að töluvert sé um atvinnuleysi og laus störf á sama tíma þar sem ekki er gefið að eftirspurn sé eftir þeim störfum sem eru laus eða að nægt framboð sé eftir störfum sem óskað er eftir. Þarna koma t.d. landfræðilegir þættir inn í myndina, menntun fólks og sérhæfing, þannig að framboð og eftirspurn mætast yfirleitt ekki fullkomlega.


Fjöldi starfa mismunandi eftir greinum

Samkvæmt hefðbundinni flokkun Hagstofu Íslands er opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta fjölmennasta atvinnugreinin á íslenskum vinnumarkaði. Þar störfuðu rúmlega 67 þúsund manns á 1. ársfjórðungi 2022, eða tæplega þriðjungur af þeim sem voru starfandi. Næst stærsta greinin er heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði og rekstur veitinga- og gististaða,¹ en þar störfuðu rúmlega 52 þúsund manns, um fjórðungur af starfandi fólki.

Lausum störfum hefur fjölgað


Samkvæmt fyrirtækjakönnun Hagstofunnar voru laus störf um 6.400 á fyrsta ársfjórðungi í ár og hafði fjölgað á milli ársfjórðunga og voru mun fleiri en á sama tíma í fyrra. Fjöldi lausra starfa var rúmlega 1% af heildarfjölda starfa þegar allt var í góðum gangi í hagkerfinu og er núna í kringum 3%.

Fjöldi starfa á 1. ársfj. 2022



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Laus störf á vinnumarkaðnum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Flokkunin í greinar er ekki einhlít. T.d. er veitinga- og gististarfsemi flokkuð bæði með verslun og svo líka með einkennandi greinum ferðaþjónustu.



Meðalhluftfall lausra starfa af heildarfjölda starfa hefur verið 2,2% frá 1. ársfjórðungi 2019 til sama tíma 2022. Þá eru laus störf töluvert fleiri nú en fyrir farsóttina.

Staða greina mismunandi

Eftirspurn eftir starfsfólki hefur verið mjög mismunandi eftir greinum frá árinu 2019. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sker sig nokkuð úr í þessu sambandi, en þar hafa laus störf verið að meðaltali 6,4% af störfum í greininni á þessu tímabili. Byggingarstarfsemi er ekki fjölmenn grein, en þar voru um 1.000 laus störf á 1. ársfjórðungi 2022. Á þessu tímabili var skortur á starfsfólki hlutfallslega næst mestur í ýmissi sérhæfðri þjónustu, en þar voru laus störf að meðaltali 4,5% af öllum störfum. Eins og áður segir var fjöldi lausra starfa að meðaltali 2,2% á vinnumarkaðnum öllum á tímabilinu.

Ferðaðþjónustan er oft í umræðunni þegar fjallað er um skort á vinnuafl. Að meðaltali voru laus störf í einkennandi greinum ferðaðþjónustu 3,1% á tímabilinu frá upphafi ársins 2019 fram til 1. ársfjórðungs í ár, en þá voru laus störf um 22.400, sem var þá um 11% allra lausra starfa í hagkerfinu öllu.

Miklar sveiflur milli tímabila

Staðan innan hinna ýmsu greina hefur sveiflast mikið á þessu tímabili þannig að meðaltalið sýnir ekki endilega hina dæmigerðu mynd. Sé litið til fjögurra greina má t.d. sjá að sveiflan hefur verið nokkuð svipuð í ferðaðþjónustu og ýmissi sérhæfðri þjónustu á meðan þróunin í verslun og veitinga- og gististarfsemi hefur verið önnur.


Nokkuð ljóst er þessar greinar hafa komið misjafnlega undan faraldrinum og að hinir ýmsu áhrifaþættir atvinnulífs hafa einnig mismunandi áhrif á þær.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Meðalhluftfall lausra starfa 1F 19 - 1F 22



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutfall af lausum störfum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild